



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1777
komudagur 2.5.2005

SAMKEPPNISSTOFNUN

Málsnúmer/bréfalykill

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 2. maí 2005

Samkeppnisstofnun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fjarskipti nr. 81/2003 og tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum 2005-2010. Vegna þess skamma tíma sem veittur er til að veita umsögn við áður nefnt frumvarp og tillögu til þingsályktunar mun Samkeppnisstofnun takmarka umfang þessarar umsagnar mjög.

Samkeppnisstofnun gerir einkum athugasemdir við 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjarskipti. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins skal í fjarskiptaáætlun lögð áhersla á „viðtækt samstarf markaðarins“ og „samræmda forgangsröðun og stefnumótun“. Samkvæmt sömu grein er gert ráð fyrir skipun fjarskiptaráðs sem eigi að verða „samráðsvettvangur hagsmunaaðila um bætt fjarskipti“.

Samkeppnisstofnun vekur athygli á því að samstarf fyrirtækja á markaði sem hefur það að markmiði að takmarka eða raska samkeppni er bannað samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Einungis tveir aðilar, Landssími Íslands hf. og Og fjarskipti hf. veita alhliða fjarskiptaþjónustu hér á landi. Samkeppnisstofnun varar við þeim breytingum sem lagðar eru til á fjarskiptalögum þar sem þær geta, með skipun formlegs vettvangs til viðræðna keppinauta og áherslu stjórnvalda á samræmingu á háttsemi keppinauta á fjarskiptamarkaði, leitt af sér enn frekari takmörkun á samkeppni.

Virðingarfyllt,
f.h. Samkeppnisstofnunar


Stefán Holm

Rauðarárstígur 10
Pósthólf 5120
125 Reykjavík
Sími: 552 7422
Bréfasími: 562 7442
www.samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
Kt. 680269-5569